

## Útskrifað af Krílakoti



Árlega eru opin hús hjá leikskólum Snæfellsbæjar um þetta leiti og eru elstu nemendur þá útskrifaðir. Í ár var opið hús á Kríubóli þann 23. maí en dagskráin var með breyttu sniði vegna þess að engir nemendur eru í útskriftar árgangi á Kríubóli að þessu sinni. Engin formleg dagskrá var á opna húsinu en foreldrum gafst tæki-

færi að skoða og kynna sér starf leikskólans. Pylsur og skúffukök-ur voru á boðstólum.

Á Krílakoti var opið hús og útskrift þann 25. maí. Nemendur leikskólans sungu lög fyrir gesti áður en 17 nemendur útskrifuðust í glæsilegri athöfn. Útskriftarnemendur fengu afhent listaverk sem þau höfðu málað á



striga auk útskriftarhatta sem þau hönnuðu sjálf. Starfsfólk leikskólans grilluðu pylsur fyrir gesti og fengu svo allir skúffuköku í eft-

irrétt. Deildirnar voru opnar og gátu foreldrar skoðað verkefni-  
nir sem krakkarnir hafa unnið að í vetur.

JJ



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Heimaleikurinn hlaut Einarinn

Um helgina hlaut heimildar- myndin Heimaleikurinn verð- launin Einarinn á kvikmyndahá- tíðinni Skjaldborg á Patreksfirði. Kvikmyndahátíðin Skjaldborg var haldin 26. -29. maí og fengu áhorf- endur tækifæri til að kjósa sína uppáhaldsmynd. Sigurvegarinn hlaut verðlaunin Einarinn sem eru áhorfendaverðlaun Skjaldborgar. Verðlaunin hafa verið veitt frá upphafi og hafa margar lands- þekktar myndir hlotið verðlaun- in. Heimaleikurinn er gamansöm íþróttaheimildamynd um tilraun Kára Viðarssonar til að uppfylla draum föður síns. Draumurinn var að safna í lið heimamanna til að spila langþráða vígsluleika á Reynisvelli en Viðar Gylfason lét byggja völlinn á Hellissandi 25 árum áður. Eins og heimamenn þekkja hefur mikið vatn runnið



til sjávar síðan hugmyndin vakk- aði fyrst og hafa fjölmargir leikir

verið spilaðir síðan. Leikstjórar myndarinnar eru Smári Gunnarsson og Logi Sigurvinsson. Framleiðendur eru Stephanie Torpe, Elfar Aðalsteins, Heather Millard og Freyja Kristinsdóttir. Meðframleiðandi myndarinnar er Kári Við-

arsson.

Meðfylgjandi mynd er tekin í leik Reynis og Aftureldingar vorið 2021 en þá var verið að taka kvik- myndina upp á Hellissandi og var leikurinn hluti hennar.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Getraunir 1x2

Síðasti laugardagur var síðasti söludagur í getrauninum hjá okkur þetta tímabil. Einn fasta viðskiptavinur og mikill Víkingur náði 11 réttum og fékk smá vinning. Mikill áhugi virðist vera til þess að halda áfram með þetta starf í haust, en enski boltinn byrjar aftur að rúlla um miðjan ágúst. Fólk var sammála um að kaffið sé gott hjá okkur og gaman

að hittast og spjalla um boltann. Eftirtekjan var ekki samkvæmt væntingum varðandi vinninga, en hlutur Víkinga er vel þeginn. Við endurtökum þakklæti okkar til allra sem tóku þátt í vetur og óskum bæjarbúum og öðrum velunnurum gleðilegs sumars.

### Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á nýliðinni hvítasunnu voru fermingar víða eins og vaninn er. Í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli fermdi Séra Ægir Örn 11 börn, átta í Ólafsvíkur- kirkju og þrjú í Ingjaldshóls- kirkju. Í Grundarfjarðarkirkju fermdi Séra Aðalsteinn sjö börn. Fermingar eru mikil tímamót fyrir sóknarbörnin og mikill undir-

búningur liggur að baki stóra deginum. Hvítasunnudagur í ár var heldur blautur eins og þemað hefur verið í maí en eins og sannir Íslendingar létu fermingarbörnin það ekki á sig fá.

Meðfylgjandi mynd tók Sverrir Karlsson í Grundarfirði á hvíta- sunnudag.

SJ




# Heillaóskir, sjómenn !

*Snæfellsbær óskar sjómönnum  
og fjölskyldum þeirra  
til hamingju með sjómannadaginn*

Mynd: Ólafur Bjarnason SH-137 landar við Ólafsvíkurhöfn  
í kvöldsólinni 2. september 2019 með átta tonna afla.



# Útgerðin skilar verulegum veiðigjöldum



Útgerðir í Snæfellsbæ greiddu 163 milljónir í veiðigjöld á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Alls greiddu útgerðir á Íslandi um 1.852 milljónir króna í veiðigjald vegna veiða í mars. Vafalaust hafa tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi aldrei verið meiri í einum mánuði. Þetta er þreföld sú fjárhæð sem útgerðir greiddu fyrir veiðar í mars í fyrra, en þá nam heildarfjárhæð veiðigjaldsins 617 milljónum króna.

Í umfjöllun um veiðigjöld á vefnum Radarinn kemur m.a. fram að samanlagt hafa útgerðir greitt um 3.650 milljónir króna í veiðigjald vegna veiða á fyrsta ársfjórðungi. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldi fyrir fyrsta ársfjórðung hafi aldrei verið meiri. Miðað við sama tímabil í fyrra er um 150% aukningu að ræða.

Þegar einstök sveitarfélög eru skoðuð þá kemur fram að á fyrsta ársfjórðungi þessa árs greiddu útgerðir í Fjarðarbyggð mest í veiðigjöld eða um 800 milljónir í öðru sæti eru útgerðir í Vestmannaeyjabæ með 767 milljónir, í þriðja sæti eru svo útgerðir með heimahöfn í Reykjavík með 591 milljón, á lista yfir þau 10 sveitarfélög sem greiddu mest eru fimm sveitarfélög þar sem veiðigjald af loðnu og öðrum uppsjávarfiski er stór hluti heildar veiðigjalda. Ef sveitarfélög þar sem uppsjávarfiskur er stór hluti aflans er tekinn frá, þá er mest greitt af veiðigjöldum í Grindavíkurbæ eða 236 milljónir og í öðru sæti koma útgerðir í Snæfellsbæ með 163 milljónir.

Meðfylgjandi er mynd sem sýnir heildarfjárhæð veiðigjalda á fyrsta ársfjórðungi eftir þeim tíu sveitarfélögum þar sem hæstu veiðigjöldin voru greidd.

JÓ



SLYSAVARNAEILDIN  
SUMARGJÖF  
ÓLAFSVÍK

## Sjómanna-kaffi

### Slysavarnadeildanna Helgu Bárðardóttur og Sumargjafar

Sjómanna-kaffið í ár verður haldið sunnudaginn  
4. júní n.k. í Björgunarstöðinni Von

Kaffið verður frá 14:00 - 16:30

Verð fyrir fullorðna  
1.700,-

Verð fyrir börn  
13 ára og yngri  
700,-

**Posi verður á staðnum!**

Ágóðinn af sjómanna-kaffinu rennur í Björgunarstöðina Von



# Vorhreinsun 30. maí - 12. júní

*Tökum höndum saman og fegrum bæinn okkar!*

Vorhreinsun verður í Snæfellsbæ dagana 30. maí til 12. júní 2023.

Gámar fyrir garðúrgang ásamt gámum með mold verða settir upp á eftirfarandi stöðum:

**Ólafsvík:** við Grundarbraut 38 - 42

**Rif:** á túni við Háarif 37

**Hellissandur:** við félagsheimilið Röst

**Molta verður í boði hjá Terra umhverfisþjónustu.** Úrgangi skal skilað á starfsstöð Terra sem er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15 - 18 og laugardaga frá kl. 11 - 15.

Rusl úr gördum og nærumhverfi sem sett hefur verið í ruslapoka fyrir hádegi 12. júní við lóðarmörk verður hirt af starfsfólki áhaldahúss. Ganga þarf vel frá pokum og binda smærri trjágreinir í knippi.

# 36. útskrift Fjölbrautaskóla Snæfellinga



Föstudaginn 26. maí 2023 var 36. útskriftin haldin frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og hafa þá 560 nemendur útskrifast frá FSN.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari útskrifaði 19 nemendur, af þeim voru fimm fjarnemendur og fjórir nemendur sem hafa stundað námið frá Framhaldsdeildinni á Patreksfirði. Af félags- og hugvísindabraut útskrifuðust fimm nemendur, af náttúru- og raunvísindabraut útskrifuðust sex nemendur, þrír nemendur útskrifuðust af opinni braut, tveir nemendur útskrifuðust af íþróttabraut, einn nemandi lauk viðbótarnámi til stúdentsprófs og tveir nemendur ljúka námi af nýsköpunar- og frumkvöðlabraut en þetta er í fyrsta sinn sem nemendur eru útskrifaðir af þeirri braut.

Eftir útskrift veitti Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari viðurkenningar fyrir námsárangur.

Jóhanna María Ægisdóttir var dux með 9.5 í meðaleinkunn og fékk viðurkenningu fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi og einnig viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í dönsku, ensku, íslensku og líffæra- og lífeðlisfræði.

Bjargey Jónsdóttir og Dagný Inga Magnúsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í næringarfræði. Einnig hlaut Dagný Inga Magnúsdóttir viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í stærðfræði.

Dominic Sebastian Kristjánsson fékk viðurkenningu fyrir góð-

an námsárangur í sögu.

Helena María Ægisdóttir fékk verðlaun fyrir góðan námsárangur í líffræði.

Menntaverðlaun Háskóla Íslands hlaut Magnús Máni Egilsson.

Raungreinaverðlaun Háskólans í Reykjavík hlaut Dagný Inga Magnúsdóttir.

Sindri Þór Guðmundsson fékk viðurkenningu fyrir störf sín í þágu félagsstarfs sem Forseti NFSN.

Styrktaraðilar að gjöfum og viðurkenningum eru sveitarfélögunum á norðanverðu Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum, Danska sendiráðið, Íslenska stærðfræðifélagið, Arion banki, Landsbankinn, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir tók þeirri áskorun að flytja ræðu fyrir hönd nýstúdentna og hún talaði um rússíbanana sem hafa verið í náminu síðustu ár og áskoranirnar við að vera í námi á Covid tímum og að stunda nám frá framhaldsdeildinni á Patró. Hún nefndi tækifærin sem hún fékk til þess að ferðast en hún fór bæði til Berlínar og Tékklands og tekur með sér góðar minningar þaðan sem og úr skólalífínu. Að lokum segir hún „að hafa fengið að læra hér í þessum skóla er búið að vera ótrúlega gaman og mæli ég eindregið með fyrir aðra krakka að koma í FSN. Ég er nú samt eiginlega ekki tilbúin að sleppa skólanum en maður þarf að gera það“.

María Kúld kennari við Fjöl-

brautaskóla Snæfellinga átti 15 ára stúdentsafmæli og fluttu ræðu af því tilefni og sagði „hvað svo sem tekur við hjá ykkur eftir daginn í dag þá vona ég að þær minningar sem þið eigið héðan, sú þekking sem þið takið héðan og sú vinátta sem þið hafið skapað hér fylgi ykkur út í lífið og hafi gert ykkur að enn betri og meiri manneskjum en þið voruð þegar þið stiguð hingað fyrst inn“. Svo hvatti hún nýstúdentna til þess að vera óhrædd við að taka næstu skref, í hvaða átt sem þau kunna að leiða þau, að taka breytingum og tækifærum opnum örmum, gera mistök, taka áhættur og elta við draumana sína sama hversu stórir eða smáir þeir eru því við vitum aldrei hvert það mun leiða okkur.

Jakob Bragi Hannesson kennari sendi okkur rafræna kveðju fyrir hönd kennara og starfsfólks og fór inn á þá kennsluhætti í leiðsagnarnámi sem skólinn hefur frá upphafi notast við og hann nefndi þær áskoranir sem gervigreindin mun verða á komandi árum en hann vildi meina að kjötheilinn yrði alltaf framur en stafræni heilinn og hvatti nemendur til þess að staldra við og vera í náttúrunni og núinu.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir talaði einnig um kennsluhætti FSN og hversu mikilvægur skólinn er fyrir samfélögin sem að honum standa og sagði „Í FSN fer fram einstaklingsmiðað nám þar sem sveigjanleiki og upplýsingatækni er í hávegum höfð og allir kennarar eru dreifkennarar. Hefðbund-



in fyrirlestrakennsla er lítið sem ekkert notuð sem kennsluáferð í skólanum heldur felst hlutverk kennara meira í að vera leiðbeinendur og verkstjórar og efla nemendur í að vinna sjálfstætt. Ég ætla að fullyrða það að skólinn hefur haft mikil áhrif á íbúaþróun á Snæfellsnesi og á sunnanverðum Vestfjörðum. Ég hef sagt það áður og ég mun halda áfram að endurtaka að það er byggðastefna að hafa skóla á landsbyggðinni og það eru mikil forrættindi að geta haft börn heima í framhaldsnámi“.

Tónlistaratriði við athöfnina voru flutt af nýstúdentum. Helena María Ægisdóttir spilaði á kornett lagið Lítil ungversk rapsódía og Jóhanna María Ægisdóttir spilaði á flygil menuett í c<sup>moll</sup> eftir Mozart.

Gísli Pálsson kennari var kynnrir við útskriftarathöfnina.

# Milwaukee®

## BILINN Á FERÐINNI UM LANDIÐ

ALVÖRU  
TILBOÐ

KAUPAUKAR  
Á MEÐAN BIRGÐIR  
ENDAST



Smiðjan  
Fönix

Sjáumst laugardaginn 3. júní. kl. 10 til 13 í Smiðjunni Fönix á Rifi

## Blær heldur heim til Ástralíu

Bangsinn Blær hefur haldið á vit ævintýranna á heimaslóðum í Ástralíu líkt og venjan er á sumrin. Börnin á Leikskólum Snæfellsbæjar fylgdu honum áleiðis fyrir skómmu og kvöddu kærán vin forvitin um hvað biði hans á ferðalaginu. Börnin á Krílakoti í Ólafsvík fylgdu Blæ niður að Voot þaðan sem hann fékk far út á flugvöll og börnin á Kríubóli á Hellissandi fylgdu bangsanum í

Hraðbúð N1 eða Drífubúð og þaðan tók Blær rútuna til Keflavíkur. Bangsinn Blær er táknmynd Vináttu og er ætlað að veita börnum stuðning, hugga þau og hughreysta. Vináttu er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti sem hefur verið í gangi síðan 2016 og er markmiðið með því að efla samskiptahæfni og tilfinningaþroska barna. Hvert barn á leikskólanum fær lítinn bangsa sem þau geyma í

sínu hólfi og geta þau leitað til hans þegar þeim líður illa. Þó svo að Blær haldi á heimaslóðir yfir sumartímum halda þau ennþá litla Blæ hjá sér til að leita til ef eitthvað kemur uppá, hann minnir börnin á að gæta hvers annars vel og vera góðir vinir. Í september verða svo fagnaðarfundir á leikskólanum þegar Blær snýr aftur eftir ferðalagið heim til Ástralíu.

SJ



# Til hamingju með



Með

Þjónustuaðilar Grundarfjarðarhafnar:

**DJÚPIKLETTUR**

  
Grundarfjarðarhöfn

**KJÖ**  
í næ

**RAGNAR & ÁSGEIR EHF**



  
**G.RUN**  
NETAGERÐ

**FISK**  
SNÆFE



# daginn sjómenn!

Grundarfjarðarhöfn  
Ginþjónustuhöfn Vesturlands

**ARBÚÐIN**  
*sta nágreppi*

Snæis

**Mareind**  
Siglingatæki - Sala og þjónusta

**MARKAÐUR**  
EILSBÆJAR 

**FISKMARKAÐUR**  
ÍSLANDS

**VÉLSMIÐJA**  
GRUNÐARFJARÐAR

# Sjómanna­dags­blaðið að koma út

Sjómanna­dags­blað Snæfells­bæjar 2023 er að koma út. Blaðið sem er fjölbreytt að vanda byrjar á viðtali

Sigurðar Boga Sævarssonar blaðamanns við Daða Hjálmarsson framkvæmdastjóra KG fiskverkun ehf í Rífi þar sem rekin er karftmikil útgerð og saltfísvinnsla sem þeir eru einnig með í Ólafsvík.

Viðtal er við kraft og dugmikla konu, Eygló Kristjánsdóttur fjögurra barna móðir og sjómannskonu úr Breiðuvík á Snæfellsnesi en hún ólst upp bæði í Rífi og Stykkishólmi. Eygló rekur ásamt Hirti Sigurðssyni manni sínum öfluga ferðaþjónustu á Stóra Kambi en hann er skipstjóri á línubát. Eygló glímdi við illvígt krabbamein fyrir nokkrum árum sem hún vann bug á og vill miðla öðrum af reynslu sinni. Hún er nú að klára að ganga Jakopsveginn sem er um 800 km rétt í því er sjómanna­dags­blaðið kemur út. Þetta er styrktarganga fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness. Glæsilegt hjá Eygló.

Þá er viðtal er við Gylfa Guðmund Scheving í Ólafsvík um sína æfi en hann er fæddur í Vestmannaeyjum 1940. Gylfi sem fluttist til Ólafsvíkur 1958 er hafsjór af fróðleik um uppbyggingu í Ólafsvík á mörgum sviðum. Hann var sjómaður fyrstu árin og starfaði eftir það við fiskvinnslu sem verkstjóri og fleira. Hann og Jóhanna Hjelm kona hans ráku af miklum myndarskap flotta og kraftmikla líkamsrækt í Ólafsvík í 34 ár sem góður rómur var gerður af. Þá á knattspyrnan á Snæfellsnesi Gylfa mikið að þakka.

Hilmar Björnsson er aldraður sjómaður sem fæddist á Sauðárkrók en býr í Ólafsvík og segir frá sinni sjóferðasögu á fiskiskípinu og togurum. Hann var ma á vitaskípinu Hermóði bæði eldra og þeim yngri. Þar var skipstjóri Guðni Thorlásius afi Guðna núverandi forseta og ber hann honum vel söguna.

Jón Einarsson í Rífi segir frá sjómenskunni en hann byrjaði ungrur í trilluútgærd og er enn að.

Einnig var hann á vertíðum og ma var hann á Saxhamri SH í Þrjátíu og þrjú ár. Hann segir ma frá sjóslýsi sem hann lenti í og hefði getað endað illa en hann bjargaðist.

Jón Bjarki Jónatansson sjómaður á Magnúsi SH segir frá sinni sjómenskun í Stykkishólmi og þar með skipinu Hamra Svan SH 201 í Stykkishólmi og segir líka frá veru sinni á fleiri bátum.

Sigurjón Sigurjónsson farmaður frá Hellissandi segir frá ævintýralegru ferð sinni með skreið til Nígeríu á Ms Arnarfelli II sem hann var skipstjóri. Þetta var árið 1980 og allt gat gerst í þeirri ferð.


Jóhann Steinsson trillukarl í Ólafsvík segir frá skemmtilegu ferðalagi með fjölskyldu sinni til Brasilíu og fjölmargar myndir fylgja með.

Viðtal er við Jens Sigurbjörnsson frá Selhól á Hellissandi en hann stundaði sjómenskun á yngri árum. Jens fór ma viðburðaríkan túr á skuttogaranum Júní GK 345 árið 1976. Ekki má gleyma frábærum kveðskap Guðjóns bónda Jóhannessonar í Syðri Knarrartungu í Breiðuvík sem alla gleður. Þá eru minningagreinar um skipstjórana Guðmund Kristjánsson og Sævar Friðþjófsson en þeir létust báðir á sl ári.

Margt fleira er í blaðinu ma greinar, viðtöl og frásagnir. Það er prýtt fjöldi mynda og sjómanna­dögunum ársins 2022 á Snæfellsnesi eru gerð skil sem til náðist. Vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Blaðið sem er 92 síður er brotið um í Steinprent ehf í Ólafsvík. Öllum sem komu að gerð blaðsins eru færðar bestu þakkir. Ritstjóri er Pétur Steinar Jóhannsson.

Blaðið verður til sölu í versluninni Glæraugna Pétri á Garðatorgi 4 í Garðabæ og einnig á Norðurkaffi Lækjargötu 34d í Hafnarfirði. Það verður til sölu í versluninni Skipavík í Stykkishólmi og Kjörbúðinni í Grundarfirði og einnig í verslunum í Snæfellsbæ. Blaðið kostar kr 2500 og það fer í dreifingu fimmtudaginn 1. júní.



## Sjómanna­dags­ messa

### Grundarfjarðarkirkju sunnudaginn

## 4. júní

## kl. 14.00

### Allir velkomnir



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn



**Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn.**

**ALLT TIL ÚTGERÐAR OG VINNSLU**  
**Ólafsbraut 19, 355 Ólafsvík**

## Trillukarلاكórinn syngur Þorskbæn

Þorskbæn er lag sem margir kannast við sem er eiginlegur óður til þorsksins. Textinn eftir Kristján frá Djúpalæk og Björgvin Halldórsson samdi lagið. Nú hefur gömlum slagara verið komið í nýjan búning en Halldór Gunnar Pálsson, Fjallabróðir með meiru útsetti og hljóðritaði lagið að nýju. Kristján Torfi Einarsson syngur það með dyggri aðstoð Trillukarلاكórsins sem er nýr kór sem stofnaður var fyrir þetta verkefni. Trillukarلاكórinn samanstendur af lagvissum sjómönnum úr Snæfellsbæ sem gefa þessu gamla lagi svo sannarlega nýtt líf.

Það eru þeir Baldur Kristinsson, Friðþjófur Orri Jóhannsson, Garðar Kristjánsson, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Jóhann Kristinsson, Jóhannes Stefánsson, Jón Einarsson, Lúðvík Smárason, Ólafur Hlynur Illugason og Rafn Guðlaugsson sem mynda Trillukarلاكórinn ásamt söngvara lagsins Kristjáni Torfa Einarssyni og syngja þeir saman undir stjórn Halldórs Gunnar



Pálssonar. Söngur kórsins er tekinn upp í Frystiklefanum á Rífi. Lagið kemur fram í heimildamyndinni Skuld eftir Rut Sigurðardóttir sem frumsýnd var á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði nú í lok maí. Myndin fjallar um ungt par sem hættir skulda-

stöðu sinni og sambandi er þau feta í fótspor forfedra sinna og gera út trilluna Skuld á handfæraveiðum.

Með því að skanna QR kóðann er hægt að skoða myndbandið með laginu.

SJ



# Komu fyrir minningarkrossum

Á myndinni eru þeir Pétur Steinar Jóhannsson, Ágúst Elvar Almy og bróðir hans Gunnar B. Gíslason og Pétur Bogason. Pétur heldur á krossi með nafni Kristjáns Friðgeirssonar sem lést er línuveiðarinn Örnininn GK 5 fórst fyrir norðan land 9. ágúst 1936. Kristján var einn af 19 mönnum sem fórust í þessu slysi en þar af voru þrír menn frá Ólafsvík. Þeir voru Jóhannes Jónsson, Hjörtur Unnar Guðmundsson og Kristján Friðgeirsson.

Minningarkross um þá alla er nú búið að koma fyrir við minningarsteininn við kirkjugarðinn í Ólafsvík. Myndin er tekin er krossinn um Kristján var festur á steininn nú í maí. Meira er sagt frá þessu slysi í Sjómannadagsblaði Snæfellsbæjar sem kemur út fyrir sjómannadaginn þann 4. júní.

PSJ



## Söngelskar systur keppa í Póllandi



Systurnar Hanna Imgront, sem er að klára 9. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar og Lena Barbara Imgront, í 5. bekk, eru þessa dagana í Póllandi, á sínum heimaslóðum, þar sem þær keppa í 43. alþjóðlegu söng og dans hátíðinni í Konin. Þetta er ein elsta og stærsta barnahátíð í Evrópu þar sem hæfileikaríkir listamenn frá ýmsum löndum keppa í söng og dansi. Systurnar munu báðar koma fram og syngja á hátíðinni sem fer fram dagana 31. maí til 4. júní en söngkeppnin sjálf byrjar að morgni fimmtudags 1. júní. 400 atriði sóttu um þátttöku í keppninni í ár og þar af náðu 104 inn á hátíðina, þar á meðal

eru Hanna og Lena. Hanna mun keppa í flokki 14 til 16 ára og syngja lagið Valentine eftir Laufey Lin og Lena Barbara syngur Rozowe okulary í flokki 9 til 11 ára. Þeim systurum er mikið til lista lagt því nýlega tók Lena Barbara einnig þátt í sögukeppni sem haldin var í Póllandi, er keppnin gerð fyrir pólsk börn sem búa erlendis og var sagan hennar, "Evíntýrið sem ég upplifði í Póllandi" ein af bestu sögunum að mati dómnefndar. Meðfylgjandi mynd er svo af Hönnu með Lukas Graham í Hörpunni þar sem hún fékk einstakt tækifæri til að stíga með söngvaranum á svið og taka lagið.

SJ

## UMFG Íslandsmeistarar í blaki



Seinni hluti Íslandsmóts yngri deilda í blaki fór fram á Neskaupstað dagana 12. til 14. maí. Öflug blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar lét sig að sjálf-sögðu ekki vanta og ferðuðust 14 blakiðkendur á aldrinum 10 til 14 ára hringinn í kringum landið á rútu þessa helgi. Auk keppenda voru Mladen blakþjálfari í Grundarfirði og Gréta og Rúna fararstjórar með í för. Fjögur lið

tóku þátt og náðu öll liðin frá-bærum árangri og lönduðu sæti á verðlaunapalli. Lið U12 pílta lentu í 1. sæti og voru krýndir Íslandsmeistarar í sínum aldersflokki. Lið U12 blandað og U14 stúlkna lentu bæði í 3. sæti og lið U10 stúlkna lenti í 1. sæti en ekki eru krýndir Íslandsmeistarar í þessum aldersflokki.

SJ

# Starfsfólk hafna Snæfellsbæjar sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannadaginn.



HAFNIR  
SNÆFELLSBÆJAR

## Aflafréttir

Dagana 22. til 28. maí komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 410 tonn í 120 löndunum. Í Rífshöfn var landað 203 tonnum í 42 löndunum, í Ólafsvíkurhöfn 192 tonnum í 58 löndunum

og á Arnarstapa var landað 15 tonnum í 20 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Steinunn SH 62 tonnum í 4, Magnús SH 44 tonnum í 3, Rífsari SH 25 tonnum í 2, Esjar SH 20 tonnum í 2, Gunnar Bjarnason SH 20 tonnum í 2, Ólafur Bjarnason SH 14 tonnum í 1, Saxhamar SH 13 tonnum í 1, Matthías SH 10 tonnum í 1, Egill SH 9 tonnum í 1, Guðmundur Jensson SH 8 tonnum í 1 og Sveinbjörn Jakobsson SH 5 tonnum í 1 löndun. Einn af stóru línu bátunum Rífsnes SH landaði 60 tonnum í 1 löndun. Hjá litlu línu bátunum landaði Gísli Súrsson GK 31 tonni í 3, Stakkhamar SH 11 tonnum í 2, Tryggvi Eðvarðs SH 10 tonnum í 2 og Brynja SH 4 tonnum í 1 löndun. Veðrið lék ekki við handfæra bátana þessa daga en 37 handfæra bátar lönduðu 28 tonnum í 42 löndun-



um í Ólafsvíkurhöfn og í Rífshöfn lönduðu 30 handfæra bátar 21 tonni í 30 löndunum og á Arnarstapa lönduðu 18 handfæra bátar 15 tonnum í 20 löndunum.

Þessa sömu daga var land-

að 318 tonnum í 21 löndun í Grundarfjarðarhöfn og lönduðu 14 handfæra bátar 11 tonnum í 16 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Sigurborg SH 135 tonnum í 2, Jóhanna Gísladótt-

ir GK 78 tonnum í 1, Farsæll SH 65 tonnum í 1 og Hringur SH 28 tonnum í 1 löndun.

ÞA

# Útskriftahópur Krílakoti 2023

Undanfarið hefur verið nóg að gera hjá elstu börnunum í leikskóla Snæfellsbæjar (Krílakoti) að þessu sinni er búið að vera hreinn árgangur á Rauðeildinni börn fædd 2017 sem er mjög sjaldgæft. Þetta árið var engin útskriftarhópur á Kríubóli.

Dagana 10. og 11. maí þá var vorskóli í grunnskóla Snæfellsbæjar. Börnin tóku þátt í venjulegum skóladegi. Vorskólinn er hluti af undirbúningi barnanna fyrir komandi haust þegar þau færast á milli skólastiga og hefja nám í 1. bekk.

Hópurinn byrjaði daginn á að mæta í íþróttahúsið, þar tóku þau skólarútuna út á Hellissand ásamt hinum nemendum og voru allir mjög svo spennir fyrir vorskólanum.

Miðvikudaginn 16. maí fórum við í sjálft útskriftarferðalagið, Hafþór kom kl 9.00 og sótti okkur á Krílakot og þaðan lá leiðin að skoða nýja þjóðgarðshúsið á Hellissandi. Þar tók á móti okkur landvörður sem heitir Eva og var hún búin að skipuleggja skemmtilega barnastund fyrir okkur með ýmsum uppákomum og leikjum. Skoðuðum náttúruna með stækkunargleri og könnuðum umhverfið. Að lokum fengum við okkur ávextir og tókum að sjálfsögðu lagið til að athuga hve góð hljómgæði væri í nýja húsinu.

Næst var farið í fjöruna í Skarðsvík með fötur og skóflur, nutum þessa að vera úti í náttúrunni,



moka í sandinum búa til kastala, týna skeljar, fjöður, skrifa nafnið okkar í sandinn og fleira.

Eftir þessa skemmtilegu stund lá leið okkar á Malarrif, þegar þangað var komið þá var orðið smá hvasst þannig að við stoppuðum ekki lengi þar en gáfum okkur tíma og fengum okkur dýrindis

muffins/jógúrt kökur sem Þurý var búin að baka fyrir okkur, einnig fengu þau saltstangir og Trópi sem vakti mikla gleði hjá útskriftahópnum.

Næst lá leiðin í Reiðhöllina, þar sem þær Selma, Kristbjörg og Guðný Kristín tóku á móti okkur. Þar fengu börnin að fara á bak nokkrar ferðir og klappa hestunum. Mikil gleði og ævintýri ríkti í barnahópnum eftir að fá að fara á hestbak og vera í nánd við dýrin.

Til að toppa góða útskriftaferð þá er nauðsynlegt að fara út að borða, í lok ferðar lá leið þeirra niður á Sker þar sem beið vænlegt Pizzahlaðborð og Trópi með KLAKA.

Alsæl en þreytt löbðuðu við saman á leikskólann og börnin

spennt að segja mömmu og pabba frá ævintýrum dagsins.

Okkur langar að þakka Hafþór fyrir hans góðu þjónustu og hjálpssemi í þessari ferð og í vetur þegar við höfum verið að fara í skólaheimsóknir, Rut og Evu fyrir að taka svona vel á móti okkur í nýja Þjóðgarðshúsinu, Selmu, Kristbjörgu og Guðnýju að taka svona vel á móti okkur í Reiðhöllinni og láta drauma barna rætast með að fara á hestbak.

Og að lokum Þökkum við eigendunum á Sker að bjóða okkur út á borða.

Frábær dagur í alla staði.

Sumarkveðja  
Þórey, Kristjana og Leó Örn

## Gáfu ársmiða í Smiðjuna



Fulltrúar knatspýrnudeildar Víkings heimsóttu Smiðjuna föstudaginn 19. maí, tilgangur heimsóknarinnar var að færa starfsfólki Smiðjunnar ársmiða á heimaleiki Víkings í sumar. Víkingum hefur gengið vel í fyrstu leikjum sumarsins og með góð-

um stuðningi á heimaleikjum aukast lýkurnar á að liðið haldist ofarlega í stigatöflunni.

Á myndinni er Einar Magnús Gunnlaugsson úr þjálfarateymi Víkings ásamt starfsfólki Smiðjunnar þegar miðarnir voru afhentir.

JÓ

FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



*Sjómönnum og fjölskyldum þeirra á Snæfellsnesi  
færum við hamingjuóskir á sjómannadaginn.*



 Verkalýðsfélag  
Snæfellinga

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent  
og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð  
dagana 5. - 9. júní

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar  
vegna trygginga er bent á síma  
**440 2390 og 440 2000**

Bæjarblaðið Jökull kemur út 8. júní



**SJÓVÁ**

# SJÓMANNADAGURINN Í SNÆFELLSBÆ



## 1. JÚNÍ - 4. JÚNÍ 2023

### Fimmtudagur 1. júní

- 20:00 **Kaldilækur í Sjómannagarðinum í Ólafsvík**  
Opnun sjómannadagshelgarinnar, kaldur á krana.
- 19:30 **Sjómannadagsmót GJÓ**  
í boði Hafkaup, Valafell og Sjávariðjunnar.  
Leiknar verða 9 holur, ræst út af öllum teigum  
kl. 19:30. Skráning inn á golf.is. Veitt verða verðlaun  
fyrir þrjú sætin og nándarveðlaun á braut 2.

### Föstudagur 2. júní

- 19:00 **Skemmtisigling frá Ólafsvík**  
Bátar sem fara í skemmtisiglingu eru Steinunn,  
Egill og Guðmundur Jónsson
- 20:00 **Í Sjómannagarðinum í Ólafsvík**  
**Grillveisla** í boði Sjoppan Ólafsvík umsjón 4. fl KK,  
**hoppukastalar** og lífandi tónlist á svæðinu.

### Laugardagur 3. júní

- 10:00 **Milwaukee-bíllinn** við Fönix á Rífi til kl. 13:00
- 11:00 **Dorgveiðikeppni** á Norðungarði í Ólafsvík
- 13:00 **Við höfnina í Ólafsvík**  
Kappróður, flekahlaup, þrautakeppni, reiptog og fl..  
Dýrindis **fiskisúpa** í boði og **hoppukastalar**  
á svæðinu.

**Skráning í keppnisgreinar hjá:**  
Friðþjófi í síma 847-6644

### Laugardagur 3. júní

- 20:00 **Félagsheimilið Klif**  
Sjómannahóf í Klifi – húsið verður opnað kl. 19:15  
Matur frá Galito  
Veislustjórar: Eva Ruza og Hjálmar Örn  
Sjómannskonur heiðraðar  
Minni sjómanna  
Áskorandakeppni sjómanna  
Ball: Hljómsveitin Greifarnir heldur uppi  
stuðinu fram á rauða nótt.
- Selt verður inn á ballið eftir kl 23:30.**  
18 ára aldurstakmark. **Miðaverð 3.000**  
ATH. Snýrtilegur klæðnaður  
Rútuferðir verða frá Hellissandi og Rífi kl. 19:10  
ferðir verða á heila tímanum til baka frá kl. 00:00 - 03:00



### Sunnudagur 4. júní - Hellissandur

- 08:00 Fánar dregnir að húni
- 11:00 **Sjómannamesa** að Ingjaldshóli
- 13:00 **Í Sjómannagarðinum á Hellissandi**  
Hátíðarræða  
Sjómenn heiðraðir



- 14-16.30 **Sjómannakaffi** slysavarnardeilda Helgu Bárðar  
og Sumargjafar í björgunarmiðstöðinni Von.
- 16:00 **Leikhópurinn Lotta** í Tröð, Hellissandi með  
leiksýninguna Giltrutt. Í boði HH og KG

### Sunnudagur 4. júní - Ólafsvík

- 08:00 Fánar dregnir að húni
- 13:00 **Í Sjómannagarðinum í Ólafsvík**  
Ræðumaður  
Sjómenn heiðraðir  
Tónlistartriði frá  
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
- 13:45 **Sjómannamesa** í Ólafsvíkirkirkju

### Þökkum eftirfarandi styrktaraðilum

Fiskmarkaður Íslands, Akraþorg, Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, Hafnir Snæfellsbæjar, Voot, Sjávariðjan, Deloitte, Fönix, Steinunn, Kristinn J. Friðþjófsson, Morenod Ísland, Skarósvík, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Sker Restaurant, Skeljungur, Soffanías Cecilsson, Landsbankinn, Hraðfrystihús Hellissands og KG Fiskverkun.

Áhafnirnar á Rífsnesi/Örvari, Særifi, Steinunni og Sverri